

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits Persónuverndar með vinnslu persónuupplýsinga.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir um greiðslu kostnaðar sem hlýst af eftirliti með því að ábyrgðaraðilar fullnægi skilyrðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum, sbr. VII. kafla þeirra laga.

2. gr.

Tímagjald.

Innheimta skal gjald vegna kostnaðar sem hlýst af aðkeypri sérfraðibjónustu sem nauðsynleg er vegna eftirlits Persónuverndar. Fjárhæð gjaldsins fyrir hverja unna klukkustund skal að hámarki vera sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a. Sérfræðingur á svíði tölvurannsókna | kr. 29.900 |
| b. Sérfræðingur á svíði upplýsingaöryggis og staðla | kr. 21.000 |

Fjárhædir samkvæmt 1. mgr. innihalda ekki virðisaukaskatt.

Fjárhædir samkvæmt 1. mgr. skulu breytast þann 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala er 485,1 (vísitala ágústmánaðar 2020).

3. gr.

Ferðakostnaður.

Innheimta skal gjöld vegna kostnaðar sem hlýst af greiðslum fyrir akstur og dagpeninga til aðkeypta sérfraðinga samkvæmt 2. gr. Fjárhæð gjalda skal vera í samræmi við reglur ferðakostnadarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem í gildi eru á hverjum tíma.

4. gr.

Fjöldi gjaldeininga.

Gjaldeiningar samkvæmt 2. og 3. gr. skulu ákvárdar og innheimtar samkvæmt reikningi sérfraðinga, þó með þeirri undantekningu sem greinir í 2. mgr. 5. gr.

5. gr.

Upplýsingaskylda og hámarksfjárhæð gjalda.

Með rökstuddum hætti skal Persónuvernd tilkynna ábyrgðaraðila um þörf á aðkeypri sérfraðibjónustu samkvæmt 2. gr., svo fljótt sem stofnunin verður þess áskynja.

Í tilkynningu samkvæmt 1. mgr. skal tilgreina sundurliðað hámarksgjald sem lagt verður á ábyrgðaraðila samkvæmt gjaldskrá þessari. Í sundurliðun skal gerð grein fyrir áætluðum fjölda vinnustunda sérfraðings, tímagaldi samkvæmt 2. gr., og áætluðum ferðakostnaði samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Innheimta.

Persónuvernd innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

7. gr.

Gildistaka og lagafeimild.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 90/2018, tekur þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 21. október 2020.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.